

Nd.

113. Frumvarp til laga

[110. mál]

um breyting á lögum um grunnskóla, nr. 63/1974.

Flm.: Ragnhildur Helgadóttir, Halldór Blöndal, Friðrik Sophusson.

1. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna orðist þannig:

Grunnskólinn skal leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins. Virða skal rétt forráðamanna nemenda til þess að tryggja það, að menntun og fræðsla gangi ekki gegn trúar- og lífsskoðunum þeirra. Í skólastarfinu skal forðast einhliða áróður um slíkar skoðanir og um álitæfni og ágreiningsmál í þjóðfélaginu.

2. gr.

2. mgr. 57. gr. laganna orðist þannig:

Óheimilt er að veita upplýsingar um vitnisburði nemenda öðrum en þeim sjálfum og forráðamönnum þeirra, nema nauðsyn beri til vegna flutnings nemenda milli skóla. Þó skal skólastjóra heimilt að veita öðrum þessar upplýsingar að fengnu samþykki forráðamanna nemenda vegna fræðilegra rannsókna, enda sé krafist fullrar þagnarskyldu. Ef um er að ræða víðtæka fræðilega rannsókn, sem líklegt er að hafi verulegt gildi, er menntamálaráðuneytinu heimilt að mæla svo fyrir, að þessar upplýsingar um vitnisburði séu veittar án þess að leitað sé samþykkis skólastjóra eða forráðamanna nemenda. Birta skal auglýsingu um slík leyfi í Lögbirtingablaði og geta þess, hverjum það er veitt og í hvaða skyni. Sá sem leyfið fær, er bundinn fullri þagnarskyldu, sem menntamálaráðuneytið getur mælt nánar fyrir um, og hann ber að því leyti ábyrgð sem væri hann opinber starfsmaður. Hið sama er um starfsmenn hans.

3. gr.

Við bætist ný gr., sem verður 64. gr. A, svo hljóðandi:

Menntamálaráðuneyti, fræðslustjórum, skólastjórum, kennurum og öðrum starfsmönnum grunnskóla, námsstjórum og starfsmönnum við ráðgjafar- og sálfræðipjónustu í grunnskólum er heimilt að stunda fræðilegar rannsóknir í skólunum sjálfum og heimill aðgangur að gögnum þeirra. Þeir, sem stunda vilja rannsóknir eftir þessari mgr., skulu skýra menntamálaráðuneytinu frá því fyrir fram. Ráðuneytið skal setja nauðsynleg skilyrði eða synja um rannsóknnaástöðu. Skal þá litið til fræðilegs gildis hinna fyrirhuguðu rannsókna, menntunar og reynslu þeirra, sem rannsóknirnar vilja stunda, og rannsókn- og úrvinnsluáferð. Þá þarf og til rannsóknanna leyfi viðkomandi fræðslustjóra, skólastjóra og forráðamanna barna. Menntamálaráðuneytið getur leyft rannsóknirnar gegn áliti þessara aðila, ef ætla má að þær hafi verulegt gildi. Ef rannsóknin varðar ekki einkahagi eða skoðanir nemenda, heimilishagi þeirra, hagi forráðamanna nemenda eða annarra, þarf ekki leyfi forráðamanna.

Menntamálaráðuneytið getur leyft öðrum en greindir eru í 1. mgr. fræðilegar rannsóknir í grunnskólum og á gögnum þeirra. Um leyfi viðkomandi fræðslustjóra, skólastjóra og forráðamanna nemenda fer eftir 1. mgr. Leyfi eftir þessari mgr. skal aðeins veita ef fyrir liggur rannsóknáætlun, starfsmenn við rannsóknina hafa nægilega menntun og reynslu, rannsóknin hefur verulegt fræðilegt gildi og með trúverðugum hætti er gætt hagsmuna sem varða friðhelgi einkalífs. Kannanir á viðhorfum nemenda, einkalífi þeirra og heimilishögum, einkalífi og hógum forráðamanna þeirra, skólafélaga og annarra og á tilteknum atburðum, sem nemendur hafa orðið vitni að, skal ekki leyfa, nema sérstaklega mikilvægir hagsmunir krefjist þess. Ef leyfi er veitt skv. þessari mgr., skal birta um það auglýsingu í Lögbirtingablaði og geta þess,

hverjum það er veitt og í hvaða skyni. Sá, sem leyfið fær, er bundinn fullri þagnar-skyldu, sem menntamálaráðuneytið getur mielt nánar fyrir um, og hann ber að því leyti ábyrgð sem væri hann opinber starfsmaður. Hið sama er um starfsmenn hans.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt í eftirgreindum tilgangi:

1. Að vernda friðhelgi einkalífs;
2. að sporna gegn pólitískum áróðri í skólum;
3. að styrkja samband foreldra og barna annars vegar og samstarf heimila og skóla með því að virða rétt foreldra til að tryggja að fræðslan gangi ekki gegn trúar- og lífsskoðunum þeirra.

Frv. er samið í því skyni að settar séu lagareglur um fræðilegar rannsóknir í grunnskólanum, þar sem bæði sé tekið tillit til einstaklingshagsmuna og þjóðfélags-hagsmuna af því, að í grunnskólum séu nemendur ótruflaðir af öðru en því, sem skól-inn skal vinna að eftir grunnskólalögum, og til hagsmuna af því, að fram fari fræði-rannsóknir, er ekki séu aðeins frjálsar, heldur megi og fram fara í grunnskólum, ef sérstaklega brýn þörf er á.

Um hlutverk grunnskóla er rætt í 2. gr. laga um þessar fræðslustofnanir, en þau eru nr. 63 frá 1974. Í engu er þar vikið að því, að nemendur eigi að vera rannsókn-aandlag fyrir fræðimenn, heldur eru þar einungis hafðir í huga beinir og brýnir hags-nunir nemendanna sjálfra. Um skólarannsóknir o. fl. er fjallað í VIII. kafla laganna. Þar segir í 62. gr., að menntamálaráðuneytið hafi með höndum ýmis verkefni, þar á meðal rannsókn- og tilraunastarf í skólum. Í 64. gr. segir: „Til rannsóknaverkefna á sviði skóla- og uppeldismála, þ. á m. rannsókn- og tilraunastarfa skv. 62. gr., skal árlega varið fé, sem ákveðið er á fjárlögum. Menntamálaráðuneytið ákveður skiptingu fjárins.“ Þó að ákvæði þessi séu ekki jafnljós og skyldi, verður ekki séð, að þau heim-ili að í skólum fari fram annað rannsóknastarf en það sem er á sviði skóla- og upp-eldismála. Vafalítið er teygjanlegt, hvaða rannsóknastarf það sé, en langt er gengið ef kannanir á viðkvæmum persónulegum viðhorfum, kynlífsreynslu og öðru slíku, eru taldar heimilar í grunnskólum eftir lagagreinum þessum. Ekki verður séð að aðrar heimildir geti komið til álita. Ljóst er, að þörf er á skýrari reglum en nú eru í lögum um þetta efni. Til að bæta úr þessari þörf er gerð tillaga um reglur, sem fram eru settar í 2. og 3. gr. þessa frv.

Við könnun þessa máls kom fram, að æskilegt er að setja í grunnskólalögin ákvæði um rétt forráðamanna nemenda varðandi innrætingu trúar- og lífsskoðana og um einhliða áróður um álita- og ágreiningsmál.

Um greinar frv. er þessa að geta:

Um 1. gr. 2. mgr. 2. gr. grunnskólalaganna, nr. 63/1974, er nú þannig: „Grunn-skólinn skal leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins.“ Lagt er til, að þessi orð standi óbreytt, en við sé bætt tveimur atriðum. Hið fyrra er um rétt forráðamanna nemenda til að tryggja, að menntun og fræðsla gangi ekki gegn trúar- og lífsskoðunum þeirra. Flm. telja þetta rétta stefnu og styðjast m. a. við 2. gr. við-bótarsamnings við samning um verndun mannréttinda og mannfrelsis, þ. e. mannrétt-indasáttmála Evrópu, sem forseti Íslands fullgilti 19. júní 1953 og birtur var með aug-lýsingu í A-deild Stjórnartíðinda, nr. 11/1954. — Síðara atriðið, sem lagt er til að tekið verði upp í 2. mgr. 2. gr. grunnskólalaganna, hefur þann tilgang að stemma stigu við einhliða áróðri í grunnskólum. Er það í samræmi við 4. mgr. sömu lagagreinar, þar sem áhersla er lögð á, að skólastarfið skuli leggja grundvöll að sjálfstæðri hugsun nemenda.

Um 2. gr. 2. mgr. 57. gr. grunnskólalaganna er nú þannig: „Óheimilt er að veita upplýsingar um vitnisburði nemenda öðrum en þeim sjálfum og forráðamönnum þeirra, nema nauðsyn beri til vegna flutnings nemenda milli skóla. Þó skal heimilt að veita öðrum þessar upplýsingar vegna fræðilegra rannsókna, enda sé krafist fullrar þagnarskyldu.“ Lagt er til, að fyrra atriðið standi óbreytt, en um undanþágur sé tekið fram að skólastjóri veiti þær og að krafist skuli samþykkis forráðamanna nemenda. Byggist þetta á þeirri skoðun, að ástæðulaust og raunar rangt sé að nemendur séu hafðir til fræðirannsókna án vitundar og samþykkis forráðamanna þeirra nema sérstaklega standi á. Er það nánar skýrt í nýrri viðbót við mgr. Er þar ráðgert, að menntamálaráðuneytið geti veitt rannsóknaleyfi án samþykkis skólastjóra og forráðamanna, ef tiltekin skilyrði eru uppfyllt. Ástæða sýnist vera til, að um slík leyfi sé almenningi gert kunnugt og að glöggar reglur séu um ábyrgð þeirra, sem fyrir rannsóknum standa og við þær starfa. Er orðum greinarinnar ætlað að ná þessum tilgangi.

Um 3. gr. Hér er um að ræða nýja grein, sem lagt er til, að kallist 64. gr. A.

Fyrri mgr. fjallar um rannsóknir, sem starfsmenn í menntamálaráðuneytinu og við grunnskólana hyggjast framkvæma. Er leitast við að setja sem gleggstar reglur, sem bæði geri mikilvægar rannsóknir framkvæmanlegar og séu í samræmi við hagsmunum nemenda og annarra af því, að ekki séu kannaðir hagir þeirra án brýnnar ástæðu. — Í 2. mgr. er rætt um rannsóknir annarra aðila. Er lagt til, að þeir þurfi að uppfylla strangari skilyrði en skólamenn. Varða skilyrðin bæði efni rannsókna og rannsóknarmenn. Sérstök ástæða hefur þótt vera til að taka fram, að rannsóknir á viðhorfum og einkalífi skuli ekki leyfa nema sérstaklega standi á. Hið sama er um rannsóknir á tillteknum atburðum, sem nemendur hafa orðið vitni að. Fræðimenn, sem kunna að vilja gera slíkar kannanir, hafa sjaldnast til slíks miklar ástæður, og rannsóknirnar geta, einkum ef þær varða umtöluð atriði, haft óæskileg áhrif á unga nemendur.